



FMS 2024-23  
ISBN 978-9935-522-47-4



# VIÐHORF ÍBÚA Á VESTFJÖRÐUM TIL FERÐAMANNA OG FERÐAÞJÓNUSTU 2023

**SEPTEMBER 2024**

**Eyrún Jenný Bjarnadóttir**



**RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA**

© Ferðamálastofa 2024

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri  
Netfang: [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)  
Veffang: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
Titill: Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðapjónustu 2023  
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir  
Númer: FMS 2024-22  
ISBN: 978-9935-522-46-7

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## Efnisyfirlit

Töflu- og myndaskrá .....	2
Inngangur .....	3
Aðferðir og framkvæmd .....	4
Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til fjölda ferðamanna .....	6
Viðhorf til fjölda ferðamanna: Allir landshlutar .....	7
Áhrif á daglegt líf .....	12
Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu .....	15
Áhrif á samfélagið .....	17
Mat á ástandi innviða .....	21
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu á Vestfjörðum? .....	22
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Hinir landshlutarnir 2023 .....	23
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu á Vestfjörðum? .....	24
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Hinir landshlutarnir 2023 .....	25
Lokaorð: Ákall um ábyrga ferðaþjónustu .....	26
Viðauki 1 .....	27

## Töflu- og myndaskrá

Tafla 1 Svarendur könnunarinnar á Vestfjörðum 2017-2023.....	4
Mynd 1: Viðhorf til fjölda ferðamanna á Vestfjörðum 2017-2023.....	6
Mynd 2:Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera of marga yfir sumarið.....	7
Mynd 3: Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera of fáa yfir sumarið.....	7
Mynd 4: Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera of fáa yfir veturinn.....	8
Mynd 5: Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera hæfilega marga yfir veturinn.....	8
Mynd 6: Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur erlendra ferðamanna til landsins.....	9
Mynd 7: Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur skemmtiferðaskipa til landsins.....	10
Mynd 8: Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn.....	11
Mynd 9: Hversu oft verðurðu var/vör við ferðamenn?.....	12
Mynd 10 Hvort bæta ferðamenn lífsgæði þín eða draga úr þeim?.....	12
Mynd 11: Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi.....	13
Mynd 12: Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna.....	13
Mynd 13:Farþegar skemmtiferðaskipa trufla mig meira en aðrir ferðamenn.....	14
Mynd 14: Mat á fjölda íbúa sem njóta efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu í heimabyggðinni.....	15
Mynd 15: Mat á hluta þeirra tekna sem skapast í ferðapjónustu sem verður eftir í heimabyggð.....	15
Mynd 16: Áhrif á atvinnulíf og þjónustu.....	16
Mynd 17: Viðhorf til áhrifa ferðamanna og ferðapjónustu á samfélag.....	17
Mynd 18: Á heildina litið er ávinningur sem hlýst af ferðapjónustu meiri en kostnaður.....	18
Mynd 19: Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu?.....	19
Mynd 20: Mat á skýrleika framtíðarsýnar hins opinbera fyrir íslenska ferðapjónustu.....	20
Mynd 21: Mér finnst stefna stjórnvalda í ferðamálum taka tillit til áhrifa ferðapjónustu á líf íbúa.....	20
Mynd 22: Mat íbúa á ástandi innviða ferðapjónustu í heimabyggðinni.....	21
Mynd 23: Jákvæðustu áhrif ferðapjónustu að mati íbúa á Vestfjörðum.....	22
Mynd 24 Jákvæðustu áhrif ferðapjónustu á Vestfjörðum 2017 og 2019.....	22
Mynd 25: Neikvæðustu áhrif ferðapjónustu að mati íbúa á Vestfjörðum.....	24
Mynd 26 Neikvæðustu áhrif ferðapjónustu á Vestfjörðum 2017 og 2019.....	24

## Inngangur

Haustið 2023 fól Ferðamálastofa Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) umsjón með rannsókn á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu. Um er að ræða framhald rannsókna sem voru framkvæmdar á landsvísu 2014, 2017 og 2019 auk stuttra kannana 2021-2022 sem voru gerðar fyrir Jafnvægisás ferðamála. Þess á milli hafa verið gerðar rannsóknir á nokkrum þéttbýlisstöðum. Rannsóknin, sem er skilgreind í [rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2023-2025](#), er liður í vöktun á viðhorfum heimamanna og hluti af reglubundinni söfnun hins opinbera á samanburðarhæfum gögnum og greiningu á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku. Jafnframt tekur rannsóknin mið af þeim opinberu markmiðum að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið og auki lífsgæði. Verkefnið safnar gögnum fyrir mælikvarða Jafnvægisáss ferðamála, sjálfbærnivísa aðildarlanda Ferðamálaráðs Evrópu (ETC) og fyrir markmið stjórnvalda um að landsmenn hafi [jákvætt viðhorf til ferðaþjónustunnar](#).

Símakönnun var lögð fyrir lagskipt úrtak landsmanna frá 18 ára aldri til allt að 85 ára aldurs sem búa á verkefnasvæðum áfangastaðastofanna sjö sem starfa á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Reykjanesi, höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Notast er við staðlaðan spurningalista sem byggir á víðtækri heimildarýni og fræðilegri úttekt á erlendum og innlendum rannsóknum á viðhorfum heimamanna. Spurningalistinn hefur verið í þróun frá því fyrsta landskönnunin var gerð árið 2014 og verið endurskoðaður og uppfærður í takt við þróun greinarinnar og áherslur stjórnvalda um öflun áreiðanlegra gagna. Niðurstöður rannsóknarinnar eru samanburðarhæfar við áður nefndar kannanir á landsvísu og varpa ljósi á það hvort og að hvaða leyti viðhorf Íslendinga og íbúa á verkefnasvæðum áfangastaðastofanna hafa breyst frá síðustu könnunum.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram í sjö samantektarskýrslum, einni fyrir hvert verkefnasvæði ásamt einni heildarskýrslu sem er væntanleg vorið 2024. Í samantektunum er gerð grein fyrir aðferðum, framkvæmd og niðurstöðum rannsóknarinnar fyrir viðkomandi landshluta.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar á svörum íbúa á Vestfjörðum, það er þeirra sem hafa búsetu á starfsvæði Markaðsstofu Vestfjarða – Vestfjarðastofu, ásamt samanburði við niðurstöður fyrri kannana. Í einstaka tilfellum eru niðurstöður landshlutanna bornar saman. Niðurstöðurnar eru settar fram í texta, myndum og töflum.

Verkefnastjórn, greining og skýrsluvinna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Umsjón með framkvæmd símakönnunar og úrvinnslu hrágagna hafði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Samantektinni fylgja tíðnitöflur og bakgrunnsgreining fyrir allar spurningar könnunarinnar á Vestfjörðum.

## Aðferðir og framkvæmd

Símakönnunin var gerð meðal landsmanna á tímabilinu 27. október til 19. desember 2023. Tekið var lagskipt slembiúrtak íbúa á hverju af sjö verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna (sem hér eftir verður talað um sem landshluta) og var miðað að því að ná að lágmarki 356-379 svörum á hverju svæði fyrir sig. Í heildina var hringt í 5.781 einstakling og fengust 2.419 svör (41,9% svarhlutfall). Á Vestfjörðum var hringt í 882 einstaklinga og svöruðu 334 könnuninni (42,8% svarhlutfall). Í töflu 1 má sjá úrtak og bakgrunn svarenda á Vestfjörðum 2017-2023. Upplýsingum um kyn, menntun, stöðu á vinnumarkaði og hvort svarendur störfuðu við ferðaþjónustu var ekki safnað árin 2021 og 2022.

Í spurningalistanum voru 35 spurningar um viðhorf til ferðamanna og ferðaþjónustu í heimabyggð svarenda að viðbættum spurningum um bakgrunn. Flestar spurningarnar höfðu fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til. Spurningar sem snúa að jákvæðustu og neikvæðustu hliðum ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni höfðu ekki fyrirfram gefna svarmöguleika og gafst íbúum kostur á að svara þeim með eigin orðum.

Nýjustu gögnin, þ.e. úr könnuninni 2023, voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu og marktæktarpróf gerð sem meta hvort tölfræðilega marktækur munur sé á hlutföllum mismunandi hópa (sjá viðauka 1). Kannað var hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum íbúa eftir búsetu (þ.e. milli landshluta markaðsstofanna) og hvort munur væri á svörum mismunandi hópa innan hvers landshluta. Kannað var hvort munur væri á svörum íbúa eftir kyni, aldri, menntun, stöðu á vinnumarkaði<sup>1</sup> og hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu. Í samantektinni er sérstaklega tekið fram ef munur sem

Tafla 1 Svarendur könnunarinnar á Vestfjörðum 2017-2023

	2017 (n = 303)	2019 (n = 356)	2021 (n = 371)	2022 (n = 357)	2023 (n = 334)
Karl	51%	53%	-	-	52%
Kona	49%	47%	-	-	48%
18-29 ára	8%	8%	13%	6%	8%
30-44 ára	24%	21%	23%	21%	21%
45-59 ára	35%	33%	27%	27%	24%
≥60 ára	34%	38%	38%	46%	47%
Grunnsk.nám eða minna	26%	29%	-	-	20%
Stúdentspr. eða iðnnám	36%	29%	-	-	34%
Annað starfsnám	7%	13%	-	-	13%
Háskólapróf	29%	27%	-	-	33%
Í launuðu starfi	62%	54%	-	-	47%
Sjálfst. starfandi/atvinnur	19%	23%	-	-	20%
Á eftirlaunum	12%	15%	-	-	23%
Annað	6%	8%	-	-	11%
Já	21%	16%	-	-	17%
Nei	79%	84%	-	-	83%

<sup>1</sup> Við greiningu á bakgrunnþættinum Stöðu á vinnumarkaði voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir.

fannst á svörum reyndist marktækur með tilliti til þessara bakgrunnspátta en í töflum í viðauka 1 má sjá hvort sá munur miðaðist við 95%, 99% eða 99,9% öryggismörk.

Til að meta mögulegar breytingar á viðhorfum íbúa í landshlutunum var gerð samanburðargreining við niðurstöður fyrri kannana sem voru framkvæmdar á landsvísu árin 2014<sup>2</sup>, 2017, 2019, 2021 og 2022. Framkvæmd þessara kannana var með sama hætti og nú sem gefur möguleika á þessum samanburði. Gagnasöfnin voru samkeyrð til að kanna hvort tölfræðilegur munur væri til staðar í svörum íbúa landshlutanna. Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur miðað við 99,9% öryggismörk væri á á svörum milli kannana. Hafa ber í huga að könnunin sem var gerð árið 2014 er frábrugðin síðari könnunum að því einu að úrtak var unnið á annan hátt og gefur hún eingöngu kost á samanburði á landsvísu og við höfuðborgarsvæðið en ekki eftir öðrum landshlutum. Þá voru gerðar stuttar kannanir fyrir fimm vísa á Jafnvægisási ferðamála árin 2020 og 2021<sup>3</sup>.

<sup>2</sup> Árið 2014 var tekið 2000 manna tilviljanaúrtak einstaklinga 18 ára og eldri. Við greiningu var svarendum skipt í þrennt eftir búsetu; höfuðborgarsvæði, kraga kringum höfuðborg og á landsbyggð. Greining eftir annars konar svæðisskiptingu er ekki möguleg.

<sup>3</sup> Um var að ræða sex spurningar sem voru lagðar fyrir úrtak landsmanna í öllum landshlutum sem gefa niðurstöður fyrir fimm vísa. Þeir eru: D.4.1 (Ánægja Íslendinga með fjölda ferðamanna í heimabyggð), D.4.2 (Forðast ákveðna staði vegna ferðamanna), D.4.4 (Samfélagsbreytingar vegna ferðapjónustu), D.4.2.1 (Ónæði í daglegu lífi) og D.4.3 (Efnahagslegur ávinningur). Sjá nánar á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/jafnvaeGISas-ferdamala/#Tab0>.

## Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til fjölda ferðamanna

### Hæfilega margir ferðamenn yfir sumarið


Mat Vestfirðinga á fjölda ferðamanna yfir sumarið hefur tekið breytingum milli kannana. Þótt ljóst sé að flestum þyki fjöldinn vera hæfilegur hefur fækkað umtalsvert í þeim hópi frá síðustu könnun, eða úr 68% árið 2022 í 59% 2023. Á sama tíma fjölgaði hlutfallslega í hópi Vestfirðinga sem eru á því að ferðamenn séu of margir, úr 20% í 30%. Munur á svörum Vestfirðinga milli kannana var marktækur. Hlutfall Vestfirðinga sem sögðu ferðamenn vera of fáa yfir sumartímamann breyttist lítið milli kannana og er nú 11%.

Gegnum tíðina hefur mat Vestfirðinga á fjölda ferðamanna tekið hægari breytingum milli kannana samanborið við aðra landshluta. Því var ekki að skipta í könnuninni 2023 og enginn marktækur munur var á svörum Vestfirðinga samanborið við svör annarra landsmanna. Í könnuninni 2023 voru launþegar og svarendur sem störfuðu í öðrum atvinnugreinum en ferðaþjónustu marktækt líklegri en aðrir hópar á því að fjöldi ferðamanna væri of mikill.

### Fáir ferðamenn yfir veturinn

Vestfirðingar halda áfram að skera sig frá landsmeðaltalinu í viðhorfi til fjölda ferðamanna að vetri til. Hlutfall svarenda sem sögðu ferðamenn vera heldur eða of fáa að vetri til 2023 var áfram langhæst á Vestfjörðum, eða 67% á mótí 18-48% í öðrum landshlutum og 42% svarenda á landinu öllu. Marktækur munur var á svörum Vestfirðinga samanborið við landið allt. Sveiflur sem áttu sér stað í viðhorfum 2021 og 2022, þar sem allt að 80% Vestfirðinga voru á því að fjöldi ferðamanna væri of lítill, hafa gengið til baka. Enginn munur er á viðhorfum Vestfirðinga til fjölda vetrarferðamanna 2023 samanborið við 2019.

Mynd 1: Viðhorf til fjölda ferðamanna á Vestfjörðum 2017-2023



Nokkur munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum 2023. Karlar, fólk með starfsnámsmenntun og einstaklingar sem starfa í ferðaþjónustu töldu þó frekar en aðrir hópar að fjöldinn væri of lítill yfir vetrartímamann. Þá var ungt fólk á aldrinum 18-29 ára frekar en aðrir á því að fjöldinn væri hæfilegur.




## Viðhorf til fjölda ferðamanna: Allir landshlutar

### Fleirum þykir fjöldinn of mikill yfir sumartímamann


Allt frá því fyrsta könnunin á viðhorfum Íslendinga var gerð árið 2014 hefur meirihluta landsmanna þótt fjöldi ferðamanna vera hæfilegur á sumrin. Hlutfall þessa hóps hefur verið á bilinu 61-68% þótt einhverju skeiki til og frá innan einstakra landshluta. Þegar nánar er rýnt er ljóst að munur er á milli svæða (mynd 2). Árið 2014 var um þriðjungur íbúa á höfuðborgarsvæðinu á því að ferðamenn væru orðnir of margir. Mælingar fyrir aðra landshluta eru ekki til frá því ári. Í næstu könnun þar á eftir, árið 2017, sést að Sunnlendingar skáru sig frá fyrir hátt hlutfall íbúa, eða 42% sem sögðu ferðamenn vera of marga. Í öðrum landshlutum töldu á bilinu 21-29% íbúa ferðamenn vera of marga. Árið 2019 fækkaði í hópnum í flestum landshlutum og langmest á Suðurlandi en hann breyttist ekki á Vestfjörðum. Árið 2021 fækkaði nokkuð þeim sem töldu ferðamenn vera of marga og má telja líklegt að staða mála hafi litast af kórónuveirufaraldrinum þar sem komur erlendra ferðamanna voru aðeins svipur hjá sjón miðað við það sem var fyrir faraldur. Hinsvegar hafa aldrei fleiri landsmenn talið fjölda ferðamanna vera of mikinn en árið 2023 og á það við íbúa í öllum landshlutum.

Á landsvísu hafa á bilinu 6-20% landsmanna talið að of fáir ferðamenn væru yfir sumarið (mynd 3). Flestir voru á þeirri skoðun á Covid-tímabilinu (2021). Gegnumgangandi eru flestir á Vesturlandi á því að ferðamenn séu of fáir en fæstir eru þeirrar skoðunar á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 2: Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera of marga yfir sumarið



Mynd 3: Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera of fáa yfir sumarið




## Of fáir ferðamenn á Vestfjörðum yfir veturinn en hæfilegri fjöldi á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæði


Í fyrstu könnuninni 2014 kom í ljós áberandi tvískipting viðhorfa til fjölda ferðamanna yfir vetrartímann þar sem um það bil helmingur landsmanna var á því að ferðamenn væru of fáir og álíka stór hópur taldi ferðamenn vera hæfilega marga. Á myndum fjögur og fimm má sjá að landsmenn skiptast enn í tvær fylkingar um fjölda ferðamanna en viðhorfin eru samt sem áður mismunandi eftir svæðum. Í öllum könnunum frá 2017 hefur verið áberandi að á Vestfjörðum er stærsti hópur þeirra sem álíta ferðamenn vera of fáa yfir vetrartímann en hlutfallið hefur verið á bilinu 67-80%. Fast á hæla þeirra koma íbúar á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi, þar sem hlutfall svarenda sem segja ferðamenn of fáa hefur verið á bilinu 46-65%. Með tímanum hefur hlutfall svarenda á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi, sem telja ferðamenn vera hæfilega marga, farið hækkandi og á móti hefur lækkað hlutfall þeirra sem telja fjöldann of mikinn að vetri til.

Afar fáir hafa talið fjölda ferðamanna vera of mikinn yfir vetrartímann eða á bilinu 1-13%. Þessi hópur hefur þó alltaf verið stærstur á Suðurlandi og var 12% árið 2023.

Mynd 4: Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera of fáa yfir veturinn



Mynd 5: Viðhorf til fjölda 2014-2023 – Hlutfall svarenda sem telja ferðamenn vera hæfilega marga yfir veturinn




### Skiptar skoðanir á takmörkunum á komum ferðamanna til landsins

Landsmenn skiptust í tvær fylkingar um það hvort nauðsynlegt væri að takmarka komur erlendra ferðamanna hingað til lands. Þó var hlutfall íbúa sem voru á móti takmörkunum ívið hærra í öllum landshlutum en þeirra sem töldu þær nauðsynlegar. Afar lítill munur var á svörum íbúa eftir búsetu en hann reyndist engu að síður vera marktækur. Helst munaði um svör íbúa á Suðurnesjum, Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu sem voru líklegastir til telja takmarkanir á komum erlendra ferðamanna ekki nauðsynlegar.

Á Vestfjörðum voru 53% svarenda ósammála fullyrðingunni en 33% sammála. Um 14% svarenda tóku hvorki afstöðu með né á móti. Lítill munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum. Þó var fólk á aldrinum 30-44 ára og fólk sem starfaði við annað líklegustu hóparnir til að vera á móti takmörkunum.

Á mynd 6 má sjá að útreiknað meðaltal er nærri miðpunkti kvarðans. Í þessu tilfalli gefur það til kynna skiptar skoðanir landsmanna á takmörkunum og er mikilvægt að horfa á dreifingu svara til að fá skýra mynd.


Mynd 6: Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur erlendra ferðamanna til landsins



## Helmingur landsmanna vill takmarka komur skemmtiferðaskipa til landsins

Skiptar skoðanir voru á því hvort nauðsynlegt væri að takmarka komur skemmtiferðaskipa til landsins en um það var spurt í nýrri spurningu í könnuninni. Á landsvísu var rúmlega helmingur (55%) svarenda fylgjandi takmörkunum en um 28% svarenda voru á móti. Um 17% svarenda tóku ekki afstöðu. Almennt skáru einstaka landshlutar sig lítið frá landsmeðaltalinu. Svör Norðlendinga voru frábrugðin öðrum að því leyti að þar var hlutfall svarenda sem telja takmarkanir nauðsynlegar hæst eða 59%. Suðurnesjamenn skáru sig einnig frá landsmeðaltalinu fyrir hæsta hlutfall íbúa sem töldu takmarkanir ekki nauðsynlegar eða 36%. Lítil munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum en þó voru konur líklegri en karlar til að vera fylgjandi takmörkunum á komum skemmtiferðaskipa.

Mynd 7: Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur skemmtiferðaskipa til landsins




## Mismunandi skoðanir um áframhaldandi markaðssetningu heimabyggðar

Í svörum við nýrri spurningu í könnunni kom í ljós að skiptar skoðanir eru meðal landsmanna á nauðsyn þess að halda áfram markaðssetningu í því skyni að laða að fleiri ferðamenn í heimabyggðina (mynd 8). Svör Vestfirðinga voru frábrugðin öðrum þar sem hlutfall þeirra sem voru fylgjandi áframhaldandi markaðssetningu var langhæst, 70%. Til samanburðar voru 57% landsmanna fylgjandi en tæplega þriðjungur (30%) var á móti. Á Vestfjörðum var munur á svörum mismunandi hópa eftir stöðu á vinnumarkaði og hvort starfað var í ferðapjónustu. Þannig voru einstaklingar sem störfuðu í ferðapjónustu, sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur og þau sem störfuðu við annað líklegri en aðrir til að vera fylgjandi áframhaldandi markaðssetningu.

Viðhorf íbúa á Austurlandi, Norðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi voru að mörgu leyti sambærileg viðhorfum Vestfirðinga en hlutfall þeirra sem voru fylgjandi áframhaldandi markaðssetningu í landshlutunum var á bilinu 60-66%. Á höfuðborgarsvæðinu voru íbúar líklegri til að vera mótfallnir áframhaldandi markaðssetningu til að laða að fleiri ferðamenn. Íbúar á Suðurlandi skiptust í tvo nærri jafnstóra hópa þar sem annar hópurinn (45%) var fylgjandi áframhaldandi markaðssetningu og hinn (42%) var á móti.

Mynd 8: Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn



## Áhrif á daglegt líf

### Verða sjaldnar varir við ferðamenn

Hlutfall landsmanna sem urðu daglega varir við ferðamenn hélt áfram að dragast saman milli kannana og hefur farið úr 78% 2017 í 64% árið 2023. Hlutfall landsmanna sem urðu daglega varir við ferðamenn dróst saman um fjögur prósentustig frá könnuninni 2019. Áfram fjölgaði í hópi þeirra sem urðu varir við ferðamenn 1-3 sinnum í viku. Þessi breyting á landsvísu milli kannana reyndist marktæk. Þrátt fyrir þessar breytingar sjá enn á bilinu 78-95% landsmanna ferðamenn í hverri viku.


Á Vestfjörðum var um sambærilega þróun að ræða og fækkaði marktækt í hópi þeirra sem urðu nánast daglega varir við ferðamenn. Vestfirðingar skáru sig þó frá öðrum landsmönnum fyrir langhæsta hlutfall íbúa sem sjá ferðamenn 1-3 sinnum í viku en sá hópur stækkaði meira milli kannana á Vestfjörðum samanborið við aðra landshluta.

### Færri telja að ferðamenn bæti lífsgæði


Um 44% svarenda á Vestfjörðum töldu ferðamenn bæta lífsgæði sín en um 50% voru á því að ferðamenn hefðu ekki nein áhrif á lífsgæði þeirra. Er um breytingu að ræða frá könnunni 2019 þegar 51% svarenda töldu ferðamenn bæta lífsgæði sín. Um 6% íbúa á Vestfjörðum sögðu að lífsgæðin hefðu versnað, árið 2019 voru 4% á þeirri skoðun. Á landsvísu er þróunin svipuð og á Vestfjörðum og fjölgaði milli kannana í hópi þeirra sem finna hvorki til betri né verri lífsgæða vegna ferðamanna.

Í könnuninni 2023 voru vestfirskir svarendur sem störfuðu í ferðaþjónustu marktækt líklegri en aðrir hópar til að finna fyrir betri lífsgæðum vegna ferðamanna.

Mynd 9: Hversu oft verðurðu var/vör við ferðamenn?



Mynd 10: Hvort bæta ferðamenn lífsgæði þín eða draga úr þeim?




## Ónæði vegna ferðamanna aðeins aukist

Ónæði vegna ferðamanna virðist hafa aukist lítillega á Vestfjörðum en hlutfall íbúa sem hafa orðið fyrir ónæði<sup>4</sup> hefur hækkað síðan í könnuninni 2021 og er núna 12% (mynd 11). Er um marktækan mun að ræða. Engu að síður telur meirihlutinn, eða um 80% íbúa á Vestfjörðum, ferðamenn ekki valda ónæði. Það er þó aðeins minni hópur samanborið við landsmeðaltalið.

Á Vestfjörðum voru svarendur sem störfuðu ekki í ferðapjónustu, einstaklingar á aldrinum 30-59 ára og launþegar líklegri til að finna fyrir ónæði.

Mynd 11: Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi




<sup>4</sup> Settur er fyrirvari á samanburð niðurstaðna milli kannana fyrir spurninguna „Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi“. Orðalag spurningarinnar breyttist milli kannana og var árið 2017 „Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður“.

## Fleiri forðast ákveðna staði vegna ferðamanna

Um 43% Vestfirðinga kveðst forðast ákveðna staði á landinu vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Frá tveimur síðustu könnunum hefur fjölgað marktækt í hópi þeirra sem forðast ákveðna staði og svipar stöðunni nú til þess sem var árið 2019. Svipuð þróun hefur átt sér stað á landsvísu en breytingarnar hafa þó verið ívíg minni á Vestfjörðum samanborið við landið allt.

Lítill munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum í könnuninni 2023 nema eftir aldri. Þannig voru svarendur á aldrinum 18-29 ára ólíklegasti hópurinn til þess að forðast ákveðna staði á landinu vegna ferðamanna.

Mynd 12: Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að margi ferðamenn er að finna




## Farþegar skemmtiferðaskipa trufla ekki meira en aðrir ferðamenn

Um 74% landsmanna töldu sig ekki verða fyrir meiri truflun af hálfu skemmtiferðaskipafarþega heldur en annarra ferðamanna. Þetta kom fram í nýrri spurningu í könnuninni. Íbúar á Vestfjörðum voru ólíklegastir allra til að vera á þessari skoðun en aðeins um 60% sögðust ekki verða fyrir truflunum. Hins vegar var hlutfall íbúa sem voru á því að farþegarnir trufla þá meira en aðrir ferðamenn, talsvert hærra á Vestfjörðum (32%) en á landsvísu (17%). Á Vestfjörðum voru karlar líklegri en konur til að verða frekar fyrir truflun vegna skipafarþega en fólk með starf í ferðaþjónustu, 60 ára og eldri og eftirlaunaþegar fundu síður fyrir meiri truflunum frá skemmtiferðaskipafarþegum heldur en öðrum ferðamönnum.

Nokkur munur var á svörum íbúa í öðrum landshlutum fyrir utan svör íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem voru nokkuð samsvarandi landsmeðaltalinu. Hlutfall svarenda, sem segjast ekki verða fyrir meiri truflun vegna skemmtiferðaskipafarþega var lægst á Suðurnesjum (4%), Suðurlandi (9%), Vesturlandi (12%) og Austurlandi (13%). Hlutfall þeirra sem sögðu farþega skemmtiferðaskipa trufla sig meira en aðra ferðamenn var hæst á Vestfjörðum og Norðurlandi.

Mynd 13: Farþegar skemmtiferðaskipa trufla mig meira en aðrir ferðamenn






## Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu

### Efnahagslegt mikilvægi áfram undirstrikað

Líkt og í fyrri könnunum lék enginn vafi á efnahagslegu mikilvægi ferðaþjónustu í hugum íbúa á landinu. Þrátt fyrir það hefur hlutfall íbúa sem telja ferðaþjónustu vera efnahagslega mikilvæga dregist lítillega saman frá síðustu könnun, úr 91% í 87%. Engar breytingar urðu á Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum þar sem hlutfall íbúa sem álíta ferðaþjónustu efnahagslega mikilvæga fyrir heimabyggðina er enn um og yfir 90%. Sömuleiðis er áfram mikil trú í öllum landshlutum á að ferðaþjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt atvinnulíf næstu áratuginna (tafla 14 í viðauka 1).


Sama hlutfall landsmanna er á því annars vegar að margir íbúar í heimabyggðinni njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu og hins vegar að fáir njóti ávinningsins. Hlutfall fyrrnefnda hópsins hefur dregist jafnt og þétt saman frá 2019 og er breytingin marktæk. Hins vegar hækkaði marktækt hlutfall landsmanna sem voru þeirrar skoðunar að lítil hluti tekna sem skapast af ferðaþjónustu í heimabyggðinni yrði eftir á svæðinu, fór úr 29% í 35%. Þessi þróun hefur þó ekki átt sér stað á Vestfjörðum og þó svo hlutfall íbúa sem telja að margir heimamenn njóti efnahagslegs ávinnings ferðaþjónustu hafi hækkað í prósentum milli kannana reyndist sú breyting ekki marktæk. Engu að síður skera Vestfirðir sig frá landsmeðaltalinu fyrir þær sakir að þar er hlutfall íbúa sem eru á því að margir heimamenn njóti efnahagslegs ávinnings ferðaþjónustu áfram með því lægsta á landinu. Vestfirðingar voru hins vegar frekar á því en aðrir að stór hluti tekna í ferðaþjónustu verði eftir í heimabyggðinni Innan landshlutans lækkaði hlutfall þeirra sem svo sögðu lítillega frá könnunni 2019 en munurinn reyndist ekki marktækur. Nokkur munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum í könnuninni 2023. Fólk í aldurshópnum 18-29 ára og fólk sem starfaði í ferðaþjónustu var líklegast til að vera á því að margir í

Mynd 14: Mat á fjölda íbúa sem njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu í heimabyggðinni



íbúar njóti efnahagslegs ávinnings og að stór hluti tekna í ferðaþjónustu verði

Mynd 15: Mat á hluta þeirra tekna sem skapast í ferðaþjónustu sem verður eftir í heimabyggð



eftir í heimabyggðinni.

## Áfram trú á að ferðaþjónusta auki fjölbreytni í atvinnulífi


Þótt meirihluti landsmanna (78%) sé áfram jákvæður í viðhorfum til áhrifa ferðaþjónustu á atvinnufjölbreytni í heimabyggðinni hefur fækkað marktækt í þeim hópi frá síðustu mælingu árið 2019 þegar 84% voru á þessari skoðun. Hið sama hefur átt sér stað í viðhorfum Vestfirðinga en þó hefur breytingin verið mun minni en víða annars staðar og aðeins dregist saman um þrjú prósentustig frá 2019. Hlutfall íbúa sem eru á því að ferðaþjónustan auki fjölbreytni í atvinnulífinu er nú hæst á Vestfjörðum, Suðurnesjum og á Austurlandi, 83- 85%. Lítil munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum í könnuninni 2023 en svarendur sem störfuðu við annað og þau sem störfuðu í ferðaþjónustu sem voru líklegri til að vera jákvæð gagnvart áhrifum ferðaþjónustu á atvinnufjölbreytni.

## Helmingur íbúa nýttir þjónustu sem ferðamennskan leiðir af sér

Á Vestfjörðum hafði rúmlega helmingur íbúa nýtt sér þjónustu sem ferðaþjónustan hefur leitt af sér. Engar marktækar breytingar voru á svörum Vestfirðinga milli kannana 2019 og 2023. Það var nokkuð einstakt því í öllum öðrum landshlutum fækkaði í hópi íbúa sem hafa nýtt sér þjónustu sem ferðamennskan leiðir af sér. Hlutfall íbúa sem hafa nýtt sér slíka þjónustu er í fyrsta skipti hærra á Vestfjörðum en á landsvísu (52%).

Í könnuninni 2023 töldu um sjö af hverjum tíu (68%) landsmönnum ferðamenn ekki hafa takmarkað aðgengi annarra að þjónustu og hefur þeim, sem svo sögðu, fækkað lítillega frá könnuninni 2019 þegar átta af hverjum tíu voru þessarar skoðunar. Lítil munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum en þau sem störfuðu í ferðaþjónustu voru líklegri til að hafa nýtt sér þjónustu sem ferðaþjónustan hafði leitt af sér og ólíklegust til að telja ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í heimabyggðinni.

Mynd 16: Áhrif á atvinnulíf og þjónustu



## Áhrif á samfélagið


### Heildaráhrifin jákvæð

Líkt og landsmenn allir er meirihluti íbúa á Vestfjörðum ánægður með ferðaþjónustu í samfélaginu og telja margir að ferðaþjónusta hafi breytt íslensku samfélagi til hins betra. Á Vestfjörðum hefur hlutfall þeirra sem voru á því að ferðaþjónustan hafi bætt samfélagið verið á bilinu 52-70% yfir könnunarárin (2017-2023), svipað hlutfallinu á landsvísu sem hefur verið á bilinu 53-67%. Þá hefur meirihluti Vestfirðinga (87-90%) verið sáttur við að samfélagið tæki breytingum vegna ferðaþjónustu, sem er sambærilegt við landsmeðaltalið (83-91%).

Þrátt fyrir að landsmenn líti samfélagsbreytingar af völdum ferðaþjónustu almennt jákvæðum augum virðist hafa dregið úr almennri ánægju með ferðaþjónustu frá síðustu mælingu. Vestfirðir skáru sig frá öðrum landsmönnum bæði fyrir hæst hlutfall ánægðra (81%) og fyrir þær sakir að hlutfall ánægðra hélst óbreytt frá síðustu könnun. Á landsvísu hefur dregið úr trú íbúa á sjálfbærni ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni en hlutfall landsmanna sem sögðu ferðaþjónustu vera sjálfbæra fór úr 66% árið 2019 í 60% árið 2023. Þetta bendir til þess að þó íbúar viðurkenni jákvæð áhrif ferðaþjónustu á samfélagið, þá séu vaxandi áhyggjur af sjálfbærni ferðaþjónustu til lengri tíma litið. Ólíkt því sem var á landsvísu hafa viðhorf Vestfirðinga til sjálfbærrar ferðaþjónustu í landshlutanum ekki breyst frá síðustu mælingu og er hlutfall þeirra sem eru á því að ferðaþjónustan sé sjálfbær ennþá 61% en sker sig ekki lengur frá landsmeðaltalinu.

Lítil munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum. Einstaklingar sem störfuðu í ferðaþjónustu voru marktækt líklegri en aðrir til að vera á því að ferðaþjónustan hafi breytt samfélaginu til hins betra og voru sáttari við samfélagsbreytingar. Þá voru konur ólíklegri en karlar til að vera á því að ferðaþjónustan væri sjálfbær.

Mynd 17: Viðhorf til áhrifa ferðamanna og ferðaþjónustu á samfélag




## Ávinningur af ferðapjónustu talinn vera meiri en kostnaður

Meirihluti landsmanna (76%) var á því að ávinningur af ferðapjónustu væri meiri en kostnaðurinn sem af henni hlýst. Um þetta var spurt í nýrri spurningu í könnuninni. Aðeins um 11% svarenda í könnuninni voru á því að kostnaðurinn væri meiri en ávinningurinn. Lítil munur var á svörum landsmanna eftir búsetu en þó má sjá á mynd 18 að Vestfirðir og Suðurnes skera sig frá öðrum fyrir hæst hlutfall íbúa sem eru á því að ávinningurinn sé meiri en kostnaður.

Lítill munur var á svörum mismunandi hópa innan landshlutanna nema eftir kyni og hvort einstaklingar störfuðu í ferðapjónustu. Á Suðurnesjum, Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi og Vestfjörðum voru svarendur sem störfuðu í ferðapjónustu líklegri til að telja ávinninginn vera meiri en kostnaðinn af ferðapjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu og á Vestfjörðum voru konur líklegri en karlar til að vera á því að kostnaður við ferðapjónustu væri meiri en ávinningurinn. Enginn munur var á svörum mismunandi hópa á Austurlandi.

Mynd 18: Á heildina litið er ávinningur sem hlýst af ferðapjónustu meiri en kostnaður




## Hafa áhyggjur af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf

Landsmenn voru nokkuð afgerandi í skoðunum um stöðu íslenskrar tungu í ferðapjónustu. Um sjö af hverjum tíu landsmönnum töldu sig hafa nokkuð miklar eða mjög miklar áhyggjur af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu svo sem á skiltum, heimasíðum, matseðlum, nöfnum fyrirtækja o.fl. Þetta kom fram í nýrri spurningu í könnuninni. Eins og sjá má á mynd 19 var lítill munur á svörum landsmanna eftir búsetu og reyndist hann ekki marktækur. Afar lítill munur var á svörum mismunandi hópa innan landshlutanna en helst var að finna mun eftir kyni og aldri.

Á Vestfjörðum, Suðurlandi, Vesturlandi, Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu var munur á svörum mismunandi aldurshópa og fólst munurinn einna helst í því að með hækkandi aldri var fólk líklegra til að hafa áhyggjur af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu. Þá voru karlar á Austurlandi og Vesturlandi ólíklegri en konur til að hafa áhyggjur af íslenskri tungu. Enginn marktækur munur var á svörum mismunandi hópa á Norðurlandi.

Mynd 19: Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu?




## Blendin viðhorf gagnvart ferðamálastefnu stjórnvalda


Árið 2014 var einn af hverjum tíu landsmönnum á því að framtíðarsýn stjórnvalda fyrir íslenska ferðaþjónustu væri skýr og árið 2023 hafði ekki fjölgað í þeim hópi. Hins vegar fjölgaði umtalsvert í hópi landsmanna sem telja framtíðarsýnina að hluta til skýra. Á móti fækkaði þeim sem þótti hún óskýr og eru þeir nú um sex af hverjum tíu. Svipuð þróun hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu en ekki eru til mælingar fyrir aðra landshluta frá árinu 2014. Í könnuninni 2023 var enginn munur á svörum landsmanna eftir búsetu. Lítil munur var á svörum mismunandi hópa í landshlutunum nema þá helst eftir aldri. Þannig voru eldri svarendur á Austurlandi, höfuðborgarsvæði og Norðurlandi líklegri en þeir yngri til að telja framtíðarsýnina óskýra.

Skiptar skoðanir eru á því hvort ferðamálastefna stjórnvalda taki tillit til áhrifa ferðaþjónustu á líf íbúa (mynd 21) en hér er um að ræða nýja spurningu. Um helmingi landsmanna (48%) þótti ferðamálastefna stjórnvalda ekki taka tillit til áhrifa ferðaþjónustu á líf íbúa. Um 23% svarenda eru sammála eða mjög sammála því að ferðamálastefna stjórnvalda taki nægjanlegt tillit til áhrifa ferðaþjónustu á líf íbúa og 29% eru óviss. Lítil munur var á svörum eftir búsetu. Nær enginn munur var á svörum mismunandi hópa nema á Vestfjörðum þar sem konur voru frekar á því en karlar að stefna stjórnvalda tæki tillit til áhrifa ferðaþjónustu á líf íbúa.

Mynd 20: Mat á skýrleika framtíðarsýnar hins opinbera fyrir íslenska ferðaþjónustu



Mynd 21: Mér finnst stefna stjórnvalda í ferðamálum taka tillit til áhrifa ferðaþjónustu á líf íbúa



## Mat á ástandi innviða


### Áfram mest ánægja með ástand gönguleiða

Landsmenn eru enn á þeirri skoðun að ástand göngustíga og gönguleiða, bílastæða, skilta og merkinga sé almennt gott. Mestar áhyggjur hafa landsmenn af ástandi almenningsalerna og af almenningssamgöngum og var ástandið nú talið enn verra en í síðustu könnun. Marktækur munur var á svörum landsmanna frá síðustu könnun í öllum þáttunum sem spurt var um þótt yfirleitt hafi verið um blæbrigðamun að ræða. Þannig virðast svarendur hafa verið mildari í svörum nú en í könnuninni 2019 sem sést best á fjölgun svarenda sem völdu valkostinn „frekar“ umfram valkostinn „mjög“ sem gæti verið merki um hófstiltari væntingar til innviða ferðaþjónustunnar heldur en að íbúar telji að ástand innviðanna hafi versnað. Undantekningin frá þessu er ástand vegakerfisins, sem landsmönnum þótti hafa batnað frá síðustu könnun og ástand almenningsalerna sem fær áfram falleinkunn.

Almennt gáfu Vestfirðingar innviðum lægri einkunnir en aðrir landsmenn. Þeir voru líkt og aðrir landsmenn áfram ánægðastir með ástand göngustíga, bílastæða og merkinga en óánægðastir með ástand almenningsalerna. Líkt og áður var ástand almenningsalerna verst á Vestfjörðum en marktækt fleiri en áður voru á því að ástand vegakerfisins væri gott. Engar marktækar breytingar urðu milli kannana á ástandi skiltamála, bílastæða og almenningssamgangna að mati Vestfirðinga.

Svarendur 60 ára og eldri og eftirlaunabegar voru líklegri til að telja vegakerfis og almenningssamgangna vera í góðu ástandi. Fólk með starf í ferðaþjónustu hafði frekar áhyggjur af ástandi göngustíga og -leiða. Háskólamenntaðir voru líklegri til að telja almenningssamgöngur vera slæmar og loks voru konur líklegri en karlar til að telja ástand almenningsalerna og bílastæða vera slæmt.

Mynd 22: Mat íbúa á ástandi innviða ferðaþjónustu í heimabyggðinni



# Hvað er jákvæðast við ferðapjónustu á Vestfjörðum?

Mynd 23: Jákvæðustu áhrif ferðapjónustu að mati íbúa á Vestfjörðum




## Fjölbreytileiki og tekjur jákvæðustu áhrif ferðapjónustu

Fjölbreytni, tekjur og atvinnusköpun standa upp úr sem jákvæðustu þættir ferðapjónustu á Vestfjörðum. Um var að ræða opna spurningu og voru nefnd um 330 atriði og fækkaði þeim um 60 frá síðustu könnun. Þau birtast í óbreyttri mynd í orðaskýinu hér til hliðar en til samanburðar eru svör við sömu spurningu í könnunum 2017 og 2019 (mynd 24).

Mannlífsþátturinn er ekki lengur sá einstaki þáttur sem stendur upp úr sem jákvæðasti þátturinn að mati Vestfirðinga líkt og verið hefur í fyrri könnunum. Þess í stað er aukin áhersla á efnahagsleg sjónarmið sem endurspeglast í svörum tengdum atvinnu(tækifærum) og tekjum. Flest svörin tengdust lífsgæðum sem sést á því að rúmlega helmingur svara vísuðu til almennrar ánægju með ferðamenn og meira líf, uppbyggingu í heimabygðinni og aukna afþreyingu og þjónustu jafnt fyrir íbúa sem ferðamenn.

Mynd 24 Jákvæðustu áhrif ferðapjónustu á Vestfjörðum 2017 og 2019











## Lokaorð: Ákall um ábyrga ferðþjónustu

Viðhorf Vestfirðinga til ferðamanna og ferðþjónustu eru margþætt og endurspeglja bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðþjónustunnar og áhrifa hennar í heimabyggð.

Líkt og aðrir landsmenn eru Vestfirðingar almennt ánægðir með þær samfélagsbreytingar sem verða vegna ferðþjónustu og telja margir að hún hafi bætt íslenskt samfélag. Að mati íbúa á Vestfjörðum eru fjölbreytileikinn í samfélaginu, tækifæri til tekjuöflunar og uppbyggingar meðal bestu kosta ferðþjónustunnar. Vestfirðingar gera sér góða grein fyrir efnahagslegum ávinningi ferðþjónustunnar fyrir samfélagið. Þeir vita að greinin stuðlar að fjölbreyttri þjónustu og auðgar atvinnulífið í heimabyggð.

Þrátt fyrir efnahagslegan ávinning fylgja ferðþjónustunni einnig áskoranir. Íbúar verða oftast varir við ferðamenn en áður og sömuleiðis fjölgaði lítillaga Vestfirðingum sem segjast finna fyrir ónæði vegna ferðamanna. Einnig lýsa Vestfirðingar áhyggjum af auknum fjölda ferðamanna, einkum yfir sumartímann, sem þrengir að innviðum og truflar daglegt líf. Fjölgun heimsókna skemmtiferðaskipa yfir sumartímann hefur vakið ugg. Einnig komu fram áhyggjur af umhverfisáhrifum og stýringu farþega af skemmtiferðaskipunum.

Aðra sögu var að segja af fjölda vetrarferðamanna þar sem meirihluti Vestfirðinga hefur gegnum tíðina sagt slíka ferðamenn vera of fáa. Fyrir vikið skera Vestfirðir sig frá öðrum landshlutum hvar fjöldinn var frekar talinn hæfilegur yfir vetrarmánuðina.

Íbúar voru almennt ánægðir með ástand innviða sem tengjast ferðþjónustu en höfðu þó, líkt og í fyrri könnunum, mestar áhyggjur af salernismálum og samgöngum. Almennt gáfu Vestfirðingar innviðum lægri einkunnir en aðrir landsmenn og fékk staða almennasamgangna falleinkunn. Þó fjölgaði Vestfirðingum milli kannana sem voru á því að ástand vegakerfisins væri gott.

Líkt og aðrir landsmenn voru íbúar á Vestfjörðum óvissir um ferðamálastefnu stjórnvalda og fannst hún ekki skýr. Að auki voru menn almennt á því að ferðamálastefna stjórnvalda taki ekki nægjanlegt tillit til áhrifa ferðþjónustu á líf íbúa.

Engu að síður má greina ákveðna bjartsýni um framtíð ferðþjónustunnar á Vestfjörðum. Í opnum svörum um jákvæðustu og neikvæðustu þætti ferðþjónustunnar kom fram ákall eftir aukinni áherslu á ábyrga stjórnun ferðþjónustu og sjálfbærni. Auk þess lögðu íbúar áherslu á mikilvægi þess að jafnvægi sé á milli þróunar ferðþjónustu og áhrifa á samfélagið og mæltust til aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum og tryggja sjálfbærni ferðþjónustu á svæðinu til lengri tíma litið.

# Viðauki 1

## Töfluskra viðauka

Tafla 2: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? .....	28
Tafla 3: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? .....	28
Tafla 4: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept til loka maí)? .....	29
Tafla 5: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð? .....	29
Tafla 6: Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér.....	30
Tafla 7: Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð .....	30
Tafla 8: Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra .....	31
Tafla 9: Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi.....	31
Tafla 10: Farþegar skemmtiferðaskipa trufla mig meira en aðrir ferðamenn..	32
Tafla 11: Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna .....	32
Tafla 12: Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðapjónustu .....	33
Tafla 13: Ferðapjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð .....	33
Tafla 14: Ég tel að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi .....	34
Tafla 15: Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur skemmtiferðaskipa til landsins .....	34
Tafla 16: Ferðamenn spilla náttúru landsins .....	35
Tafla 17: Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins .....	35

Tafla 18: Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn.....	36
Tafla 19: Mér finnst stefna stjórnvalda í ferðamálum taka tillit til áhrifa ferðapjónustu á líf íbúa .....	36
Tafla 20: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðapjónustu í mínu samfélagi .....	37
Tafla 21: Á heildina litið er ávinningur sem hlýst af ferðapjónustu meiri en kostnaður .....	37
Tafla 22: Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra .....	38
Tafla 23: Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur erlendra ferðamanna til landsins.....	38
Tafla 24: Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu?.....	39
Tafla 25: Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?.....	39
Tafla 26: Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? .....	40
Tafla 27: Telur þú að hið opinbera hafi skýra framtíðarsýn fyrir íslenska ferðapjónustu? .....	40
Tafla 28: Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu? .....	41
Tafla 29: Hvernig myndir þú meta ástand eftirfarandi innviða í ferðapjónustu í þinni heimabyggð? Vegakerfi.....	41
Tafla 30: Hvernig myndir þú meta...? Almenningsamgöngur .....	42
Tafla 31: Hvernig myndir þú meta...? Bílastæði .....	42
Tafla 32: Hvernig myndir þú meta...? Skilti og merkingar .....	43
Tafla 33: Hvernig myndir þú meta...? Göngustígar og gönguleiðir .....	43
Tafla 34: Hvernig myndir þú meta...? Almenningsalarni .....	44

## Niðurstöður könnunar á Vestfjörðum 2023: Bakgrunnsgreining

Tafla 2: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?

Bakgrunnsgreining	Fjöldi	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi (með vigt)	
		%	%	%	%	N	N
Kyn	Karl	55,9%	35,7%	7,5%	0,9%	325	326
	Kona	62,6%	32,1%	4,8%	0,5%	174	173
Aldur	18 - 29 ára	48,3%	39,8%	10,5%	1,4%	151	153
	30 - 44 ára	46,2%	30,8%	23,1%	0,0%	13	27
	45 - 59 ára	52,8%	39,6%	5,7%	1,9%	53	70
	60 ára og eldri	57,6%	37,0%	4,3%	1,1%	92	79
Menntun	Grunnskólanám eða minna	58,1%	34,1%	7,2%	0,6%	167	150
	Stúdentspróf eða iðnnám	62,9%	28,5%	7,2%	1,4%	67	63
	Annað starfsnám	52,9%	40,3%	6,0%	0,8%	107	107
	Háskólapróf	75,1%	24,9%	0,0%	0,0%	42	41
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	48,7%	38,2%	11,8%	1,3%	99	105
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	52,1%	38,9%	7,6%	1,4%	143	151
	Á eftirlaunum	67,0%	27,6%	5,4%	0,0%	69	65
	Annað	53,8%	35,9%	9,0%	1,3%	78	70
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	53,8%	37,7%	8,5%	0,0%	31	35
	Nei	65,8%	32,5%	1,7%	0,0%	53	54
	Nei	53,9%	36,2%	8,7%	1,1%	270	269

\* Marktækt miðað við 5% öryggis mörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggis mörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggis mörk

\*Ekki hægt að keyra marktæktarpróf á kyn, aldur, menntun, stöðu á vinnumarkaði og starfar þú við ferðapjónustu vegna lítillar dreifingar

Tafla 3: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)?

Bakgrunnsgreining	Fjöldi	Allt of lítil	Heldur of lítil	Hæfilegur	Heldur of mikill	Allt of mikill	Fjöldi		
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N	
Kyn	Karl	0,8%	10,3%	59,2%	19,8%	9,9%	330	329	3,3
	Kona	0,5%	11,9%	61,2%	18,8%	7,5%	177	175	3,2
Aldur	18 - 29 ára	1,2%	8,6%	56,8%	20,9%	12,5%	153	154	3,3
	30 - 44 ára	0,0%	0,0%	66,7%	25,0%	8,3%	12	24	3,4
	45 - 59 ára	0,0%	17,0%	54,7%	15,1%	13,2%	53	70	3,2
	60 ára og eldri	0,0%	8,6%	52,7%	26,9%	11,8%	93	80	3,4
Menntun	Grunnskólanám eða minna	1,7%	9,9%	63,4%	17,4%	7,6%	172	155	3,2
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	10,9%	60,3%	16,2%	12,6%	70	65	3,3
	Annað starfsnám	0,9%	5,6%	60,2%	22,9%	10,5%	105	105	3,4
	Háskólapróf	0,0%	11,2%	59,0%	27,5%	2,3%	41	40	3,2
Staða á vinnumarkaði **	Í launuðu starfi	0,8%	15,6%	56,6%	16,4%	10,7%	101	107	3,2
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	10,5%	53,0%	21,8%	14,7%	144	151	3,4
	Á eftirlaunum	2,7%	17,4%	60,7%	16,5%	2,7%	70	66	3,0
	Annað	1,2%	4,9%	65,4%	22,2%	6,2%	81	73	3,3
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Já	0,0%	6,6%	70,5%	11,3%	11,7%	30	34	3,3
	Nei	3,3%	24,7%	58,9%	10,0%	3,1%	54	55	2,9
	Nei	0,3%	7,5%	59,3%	21,5%	11,3%	274	272	3,4

\* Marktækt miðað við 5% öryggis mörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggis mörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggis mörk

Tíðnitafli	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of lítil	3	0,9%	0,9%
Heldur of lítil	34	10,2%	10,3%
Hæfilegur	195	58,4%	59,1%
Heldur of mikill	66	19,8%	20,0%
Allt of mikill	32	9,6%	9,7%
Gild svör	330	98,8%	100,0%
Gildir svarendur	330	98,8%	
Veit ekki	2	0,6%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	2	0,6%	
Heildarfjöldi	334	100,0%	

Tafla 4: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept til loka maí)?

Bakgrunnsgreining		Allt of lítill	Heldur of lítill	Hæfilegur	Heldur of mikill	Allt of mikill	Fjöldi		
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	29,7%	37,5%	31,8%	0,7%	0,4%	328	329	2,0
Kyn **	Karl	34,5%	38,4%	26,5%	0,5%	0,0%	177	175	1,9
	Kona	24,1%	36,4%	37,7%	0,9%	0,9%	151	153	2,2
Aldur **	18 - 29 ára	0,0%	53,8%	46,2%	0,0%	0,0%	13	27	2,5
	30 - 44 ára	47,2%	26,4%	22,6%	1,9%	1,9%	53	70	1,8
	45 - 59 ára	34,4%	36,7%	28,9%	0,0%	0,0%	90	77	1,9
	60 ára og eldri	24,4%	40,1%	34,9%	0,6%	0,0%	172	155	2,1
Menntun **	Grunnskólanám eða minna	18,9%	35,4%	45,7%	0,0%	0,0%	68	64	2,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	28,4%	37,6%	33,2%	0,8%	0,0%	107	107	2,1
	Annað starfsnám	52,1%	28,2%	19,7%	0,0%	0,0%	42	41	1,7
	Háskólapróf	30,0%	42,1%	25,4%	1,3%	1,3%	99	105	2,0
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	28,2%	39,3%	30,2%	1,5%	0,9%	144	152	2,1
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	42,8%	31,0%	26,3%	0,0%	0,0%	69	65	1,8
	Á eftirlaunum	17,3%	44,4%	38,3%	0,0%	0,0%	81	73	2,2
	Annað	35,1%	31,7%	33,2%	0,0%	0,0%	30	34	2,0
Starfar þú við ferðapjónustu? *	Já	40,7%	36,8%	20,8%	1,7%	0,0%	53	54	1,8
	Nei	27,3%	38,0%	33,8%	0,5%	0,5%	273	272	2,1

\* Marktækt miðað við 5% öryggis mörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggis mörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggis mörk

Tíðnitafli	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of lítill	98	29,3%	29,9%
Heldur of lítill	123	36,8%	37,5%
Hæfilegur	104	31,1%	31,7%
Heldur of mikill	2	0,6%	0,6%
Allt of mikill	1	0,3%	0,3%
Gild svör	328	98,2%	100,0%
Gildir svarendur	328	98,2%	
Veit ekki	6	1,8%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	334	100,0%	

Tafla 5: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð?

Bakgrunnsgreining		Hún er alls ekki mikilvæg	Hún er frekar lítið mikilvæg	Hún er nokkuð mikilvæg	Hún er mjög mikilvæg	Fjöldi	
		%	%	%	%	Fjöldi (með vigt)	N
	Fjöldi	0,8%	10,0%	45,7%	43,4%	318	319
Kyn	Karl	1,0%	11,2%	44,0%	43,8%	171	170
	Kona	0,6%	8,7%	47,7%	43,0%	147	149
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	41,7%	58,3%	12	24
	30 - 44 ára	0,0%	7,5%	49,1%	43,4%	53	70
	45 - 59 ára	1,1%	9,9%	42,9%	46,2%	91	78
	60 ára og eldri	1,2%	13,0%	46,3%	39,5%	162	146
Menntun	Grunnskólanám eða minna	1,4%	8,3%	47,0%	43,3%	68	64
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,9%	10,8%	44,4%	43,9%	99	99
	Annað starfsnám	0,0%	20,2%	47,8%	32,1%	41	40
	Háskólapróf	0,0%	6,8%	44,5%	48,8%	98	105
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,6%	8,1%	49,4%	41,9%	139	147
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	1,4%	11,3%	40,6%	46,7%	70	66
	Á eftirlaunum	1,3%	13,2%	53,9%	31,6%	76	68
	Annað	0,0%	8,1%	20,2%	71,7%	29	33
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	0,0%	1,7%	38,0%	60,3%	53	54
	Nei	1,0%	11,9%	46,7%	40,4%	263	262

\* Marktækt miðað við 5% öryggis mörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggis mörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggis mörk

Tíðnitafli	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Hún er alls ekki mikilvæg	3	0,9%	0,9%
Hún er frekar lítið mikilvæg	34	10,2%	10,7%
Hún er nokkuð mikilvæg	145	43,4%	45,6%
Hún er mjög mikilvæg	136	40,7%	42,8%
Gild svör	318	95,2%	100,0%
Gildir svarendur	318	95,2%	
Veit ekki	15	4,5%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	334	100,0%	

\*Ekki hægt að keyra marktæktarpróf á kyn, aldur, menntun, stöðu á vinnumarkaði og starfar þú við ferðapjónustu vegna lítillar dreifingar

Tafla 6: Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér

Bakgrunnsgreining	Fjöldi	Hvorki					Fjöldi		Meðaltal
		Mjög ósammála	Frekar ósammála	sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	(með vigt)	N	
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	N	N	
		%	%	%	%	%			
Kyn	Karl	10,3%	19,8%	11,6%	37,3%	21,0%	172	170	3,4
	Kona	9,0%	25,2%	12,3%	39,9%	13,6%	151	153	3,2
